93 21. maí. götvunin, að dómi þeirra manna, er skyn á bera og rannsaka hana áður, sje ný hjer á landi eða að minsta kosti svo, að verulegur munur sje á henni og því, sem gjört hefir verið hjer áður eða notað, og í annan stað er einkarjettur eigi veittur, ef uppgötvunin þykir hættuleg heilsu manna, lífi eða limum. Með hverju leyfisbrjefi er einungis veittur einkarjettur fyrir einni uppgötvan og einungis til þess að gjöra eða láta gjöra hjer á landi smíðisgrip þann, er til er tekinn í leyfisbrjefinu, eða til að neyta eða láta neyta aðferðar þeirrar, er þar rœðir um, en þar á móti heimila einkarjettarleyfis-brjefin engum manni einkarjett til verzlunar með hlutinn hjer á landi og meina því eigi öðrum að flytja hingað sama hlutinn frá útlöndum og nota hann og verzla með hann hjer á landi. Miði uppgötvunin til þess að búa til einhverja tiltekna hluti með vinnuvjelum eða áhöldum, er einungis veittur einkarjettur fyrir tilbúningi vjelanna eða áhaldanna, en eigi fyrir notkun þeirra. Það ber raunar við, að einkarjettur er látinn ná um tíu ára tíma, frá dagsetning leyfisbrjefsins, og stundum jafnvel 15 ár, en 5 ár er hinn venjulegi tími, og það er mjög sjaldgæft, að veittur sje einkarjettur fyrir uppgötvunum, er útlendir menn eru höfundar að. Það er haft í skilyrði, er einkarjettur er veittur, að hlutaðeigandi komi uppgötvaninni í verk hjer á landi á tilteknum fresti, optast áður 1 ár er liðið frá dagsetning leyfisbrjefsins, stöku sinnum á 2 ára fresti, og haldi því síðan áfram. Loks er einkarjetturinn veittur með þeim berlega fyrirvara, að svo skuli virða sem honum sje týnt, sannist það, að nokkur maður annar hafi komið uppgötvaninni í verk áður í þessu ríki.

Sá sem vill fá einkarjett hjer á landi fyrir einhverri uppgötvan, verður að rita stjórninni bœnarskrá um það og láta bœnarskránni fylgja lýsingu á uppgötvaninni, ritaða í tvennu lagi, á dönsku, og með undirskript sinni, og á að taka þar sjerstaklega fram, hvað sje nýtt og einkennilegt í uppgötvaninni, og enn fremur uppdrætti, þá er við þarf, og eiga þeir einnig að vera í tvennu lagi og með undirskript. Annað exemplarið af lýsingunni og uppdráttunum er síðan fest við einkarjettarleyfisbrjefið, sem er gefið út fyrir 34 kr. í afgreiðslugjald.

Brjef þetta eruð þjer, herra landshöfðingi, beðnir að gjöra heyrum kunnugt með því að birta það í Stjórnartíðindunum.

94 24. maí. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* vitagjald af skipum. — Um leið og þjer, herra landshöfðingi, senduð hingað frumvarp alþingis til laga þeirra um vitagjald af skipum, er hans hátign konungurinn staðfesti 12. f. m., gátuð þjer þess í þóknanlegu brjefi yðar 24. septbr. f. á., að þar sem ráðgjafanum fyrir Ísland sje í 2. lið 1. greinar fengin heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gjörð út til fiskiveiða við strendur Íslands, muni einkum höfð í huga frakknesk fiskiskip, og skutuð því til ráðgjafans, að með því, að þjer hefðuð eigi í höndum nœgilegar skýrslur um tölu og farmrúm hinna frakknesku fiskiskipa, er stunda fiskiveiðar ár hvert við suður- og vesturstrendur Íslands, og leita þar inn á hafnir, þá yrðu útvegaðar hjá stjórninni frakknesku þær skýrslur, er á þyrfti að halda til þess að byggja á samning um greiðslu fjárupphæðar, mátaðrar eptir fyrirmælum laganna um vitagjaldið, og sem skyldi taka yfir öll frakknesk fiskiskip, er hafna sig einhverstaðar þar á ströndum landsins, er segir í lögunum, þannig, að gjald þetta yrði greitt allt í einu lagi í landssjóð, en eigi haft eins og segir í 2. gr., að láta skipin sjálf, hvert fyrir sig, greiða gjaldið af hendi.

Út af þessu er eigi látið undan falla að tjá yður þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafanum leizt eigi ráð að beiðast skýrslna þessara frá Frakklandi sjálfu, enda mundi og stjórninni frakknesku verða mjög örðugt að komast fyrir, á hverjar hafnir hin frakknesku fiskiskip hafa komið á mörgum árum. Hins vegar mun naumast að búast við, að hlutaðeigandi lögreglustjórar muni geta útvegað *áreiðanlegar* skýrslur í greindu efni, og að minnsta kosti getur það eigi orðið fyrir önnur fiskiskip en þau, er eiga einhver skipti við menn í landi og greiða gjald fyrir áritun á skipsskjölin, en eptir 1. grein í lögunum um vitagjald hljóta skip, sem hafna sig, en eiga engin viðskipti við landsmenn, einnig að vera skyld að greiða áminnzt gjald. Ráðgjafinn verður því að vera á því, að rjettast sje að fresta fyrst um sinn aðgjörðum þeim, er hjer er farið fram á, þar til er reynslan er búin að sýna, hve mörg útlend fiskiskip koma á hafnir þær, er hjer rœðir um, og greiða vitagjald. Slíkur frestur mun og leiða það gott af sjer, að líkindi eru til, að vilji Frakklands stjórn á annað borð, að vitagjaldið sje greitt í einu lagi, þá muni hún koma með uppástungur um það, og það mun verða heppilegra ; og þá verður ráðgjafinn búinn að fá áreiðanlega undirstöðu til að miða við í samningunum. **94** 24. maí

— **Leyfisbrjef konungs** fyrir legstað á bœ, þar sem hvorki er kirkja nje bœnahús. — **Vjer Christian hinn níundi** *af Guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gotna, hertogi í Slesvík, Holtsetaland, Stórmœri, Þjóðmerski, Láinborg og Aldinborg gjörum heyrum kunnugt*: að Vjer fyrir beiðni bóndans Þórðar Sigurðssonar á Fiskilœk í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdœminu á Voru landi Íslandi höfum allramildilegast veitt og leyft, sem og hjer með veitum og leyfum, að hann megi gjöra sjer og sínum legstað á tjeðri eignarjörð sinni, með þeim skilyrðum, að sóknarpresturinn vígi legstaðinn, að hann sje umgirtur og búið til á hann sáluhlið, og sett þar klukka og klukknaport, að eigandi áminnztrar jarðar verji hann jafnan og haldi honum við í sœmilegu standi, og að hjeraðsprófastur skoði hann á kostnað eiganda í hvert skipti, sem hann vísiterar sóknarkirkjuna, og skal beiðandi auk þess á sex vikna fresti rita og afhenda til þinglýsingar skuldbindingarskrá með veði í jörðinni næst á eptir veðböndum þeim, er nú kunna að liggja á henni, og sje hann þar skyldaður til að fullnœgja framangreindum skilyrðum, svo og þeir, er jörðina eignast eptir hann. **95** 25. mai.

Gefið í vorum konunglega aðseturstað Kaupmannahöfn 25. maí 1878.

Undir: Vort konunglega innsigli.

(L. S.)

Eptir allramildilegustu boði hans hátignar konungsins

J. Nellemann.

F. A. P. Frydensberg.

Leyfisbrjef
handa
bóndanum Þórði Sigurðssyni á Fiskilæk í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdœmi Íslands til að gjöra sjer og sínum legstað á tjeðri jörð.

Borgist með 33 kr. 66 a.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* lán til kirkjubyggingar. — Þjer hafið sent hingað, herra landshöfðingi, bónarbrjef frá Eiríki prófasti Kuld og 2 öðrum íbúum Stykkishólms, er kosnir hafa verið til að hafa á hendi umsjón **96** 25. maí.

Hinn 9. júlí 1878.